

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar vegna verslunar og þjónustu á Gíslabæ og íbúðarbyggðar á Hellnum.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. júní 2022 breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. janúar 2022.

Í breytingunni felst að svæði fyrir verslun og þjónustu (VP-6) í landi Gíslabæjar á Hellnum er stækkað um 3 ha og tekur til svæðis beggja vegna Akravegar og íbúðarbyggð ÍB-2 minnkar að sama skapi. Gert er ráð fyrir hóteli og veitingaþjónustu austan vegarins og allt að 8 gestahúsum vestan hans. Þá er skilgreind 0,6 ha íbúðarbyggð (ÍB-2) í landi Melabúðar 1 á Hellnum í stað frístundabyggðar (F-8).

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 9. júní 2022.*

F.h. forstjóra,

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2022